

## 10. grein – Gagnaskil skátafélaga

## 14. grein – Aðkoma fullorðinna að skátastarfi



Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á **10. grein** um **Gagnaskil skátafélaga** og **14. Grein** um **aðkomu fullorðinna að skátastarfi**

### 10. Gagnaskil skátafélaga

Mikilvægt er að skilgreina tímaramma fyrir skil á sakaskráarheimildum til að forðast mál þar sem aðili kemst undan því.

#### Núverandi grein:

....

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu fyrir Skátaþing árlega hafa greitt félagsgjald fyrra starfsárs til BÍS og standa skil á gögnum til skrifstofu BÍS:

| Félagsaðild   | A  | B  | C   | D   |
|---|----|----|-----|-----|
| Félagatal   | já | já | já  | já  |
| Ársskýrsla síðasta starfsárs  | já | já | nei | nei |
| Gildandi lög  | já | já | nei | nei |
| Starfsáætlun næsta starfsárs  | já | já | nei | nei |
| Ársreikningur síðasta starfsárs   | já | já | nei | nei |
| Undirritaðri heimild til BÍS til að kanna sakaskrá allra félaga 18 ára og eldri | já | já | nei | nei |
| Nöfn, hlutverk og tengiliðaupplýsingar allra stjórnarmeðlima félagsins          | já | já | já  | já  |

Auk þess skulu aðilar með aðild A, B, C og D starfa í anda Grunnilda BÍS. Þá skulu skátafélög með aðild A og B vera skráð frjáls félagasamtök með kennitölu.

...

#### Verður:

...



Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu fyrir Skátaþing árlega hafa greitt félagsgjald fyrra starfsárs til BÍS og standa skil á gögnum til skrifstofu BÍS:

| Félagsaðild   | A  | B  | C   | D   |
|---|----|----|-----|-----|
| Félagatal   | já | já | já  | já  |
| Ársskýrsla síðasta starfsárs  | já | já | nei | nei |
| Gildandi lög  | já | já | nei | nei |
| Starfsáætlun næsta starfsárs  | já | já | nei | nei |
| Ársreikningur síðasta starfsárs   | já | já | nei | nei |
| Undirritaðri heimild til BÍS til að kanna sakaskrá allra félaga 18 ára og eldri, í samræmi við 14. grein laga BÍS | já | já | nei | nei |
| Nöfn, hlutverk og tengiliðaupplýsingar allra stjórnarmeðlima félagsins  | já | já | já  | já  |

Auk þess skulu aðilar með aðild A, B, C og D starfa í anda Grunnilda BÍS. Þá skulu skátafélög með aðild A og B vera skráð frjáls félagsamtök með kennitölu.

...

## 14. grein - Aðkoma fullorðna að skátastarfi

### Núverandi grein:

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri geta haft aðkomu að skátastarfi sem skátar með félagsaðild að BÍS, samkvæmt A), B) og C) lið þessarar greinar, eða sem styrktarfélagar samkvæmt D) og E) lið.

A) Sem meðlimur í skátafélagi með A- eða B – aðild. Viðkomandi skáti borgar þá félagsgjöld til skátafélagsins sem aftur borgar þátttökugjald til BÍS sem og er ábyrgt fyrir skilum á sakaskrárheimild viðkomandi.

B) Sem meðlimur í hópi skáta sem halda tengslum við BÍS.



1. Viðkomandi borgar ekki félagsgjald til BÍS.
2. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.

C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.

1. Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald.
2. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.

D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem styrkja BÍS fjárhagslega en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. Eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

E) Skátafélögum er heimilt að stofna sveit í félagatali sínu sem heldur utan um styrktarféлага félagsins. Um þessa styrktarféлага gildir það sama og um styrktarféлага BÍS, þau eru á skrá styrktaraðila skátafélagsins, en eru ekki með virka félagsaðild að BÍS.

Allir lögráða starfandi skátar og sjálfboðaliðar í starfi skátahreyfingarinnar, óháð aðildarleið eða þeim verkefnum sem viðkomandi hyggst sinna, skulu undirrita yfirlýsingu sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi hafi hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Enda hluti af réttindum ofangreindra þátttaka í viðburðum eins og skátamótum og Skátapingi þar sem gera má ráð fyrir þátttöku ungmenna undir 18 ára aldri. Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni og hafna styrktaraðilum.

### Verður:

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri geta haft aðkomu að skátastarfi sem skátar með félagsaðild að BÍS, samkvæmt A), B) og C) lið þessarar greinar, eða sem styrktarfélagar samkvæmt D) og E) lið.

A) Sem meðlimur í skátafélagi með A- eða B – aðild. Viðkomandi skáti borgar þá félagsgjöld til skátafélagsins sem aftur borgar þáttökugjald til BÍS sem og er ábyrgt fyrir skilum á sakaskrárheimild viðkomandi.

B) Sem meðlimur í hópi skáta sem halda tengslum við BÍS.

1. Viðkomandi borgar ekki félagsgjald til BÍS.
2. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.



C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.

1. Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald.
2. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.

D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem styrkja BÍS fjárhagslega en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakarskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

E) Skátafélögum er heimilt að stofna sveit í félagatali sínu sem heldur utan um styrktarféлага félagsins. Um þessa styrktarféлага gildir það sama og um styrktarféлага BÍS, þau eru á skrá styrktaraðila skátafélagsins, en eru ekki með virka félagsaðild að BÍS.

Allir lögráða starfandi skátar og sjálfboðaliðar í starfi skátahreyfingarinnar, óháð aðildarleið eða þeim verkefnum sem viðkomandi hyggst sinna, skulu undirrita yfirlýsingu sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Enda hluti af réttindum ofangreindra þátttaka í viðburðum eins og skátamótum og Skátapingi þar sem gera má ráð fyrir þátttöku ungmenna undir 18 ára aldri.

Undirrituð heimild til upplýsinga hjá Sakaskrá ríkisins skal berast til BÍS fyrir þátttöku einstaklings í skáta- eða sjálfboðaliðastarfi þar sem einstaklingar undir 18 ára aldri eru til staðar. Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni og hafna styrktaraðilum.

## Flutningsaðili:

Ungmennaráð

